

REGLUR

um verðmætismörk vegna útgáfu EUR.2 eyðublaðs og sérstaka tollmeðferð smáböggla til einkaaðila og einkafarangurs ferðamanna samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA og EBE.

1. gr.

Til þess að notið verði tollfrelsis vegna innflutnings á upprunavörum frá EFTA- og EBE-löndum gegn framvísun á EUR.2 eyðublaði eða innflutnings á slíkum varningi í smábögglum til einkaaðila eða einkafarangri ferðamanna án þess að framvísa í þeim tilvikum EUR.1 eða EUR.2 skilríkjum, verður verðmæti innflutningsins að vera innan þeirra marka í reikningseiningum (RE) og jafngildi gjaldmiðils hvers aðildarlands sem gerð er grein fyrir hér á eftir:

Land	Mynt	Smábögglar til einka- aðila 280 RE	Persónulegur fangur ferðamanna 800 RE	EUR.2 mörk 4000 RE
Austurríki	ATS	5 000	13 000	63 000
Belgía	BEF	12 500	36 000	179 000
Bretland	GBP	165	475	2 375
Danmörk	DKK	2 300	6 500	32 400
Finnland	FIM	1 300	3 800	19 000
Frakkland	FRF	2 000	5 500	27 500
Grikkland	GRD	26 000	74 000	370 000
Holland	NLG	700	2 000	10 000
Írland	IEP	210	580	2 900
Ísland	ISK	7 000	20 000	100 000
Ítalía	ITL	390 000	1 110 000	5 340 000
Lúxemburg	LUF	12 500	36 000	179 000
Portúgal	PTE	34 000	96 000	480 000
Spánn	ESP	35 100	100 300	501 400
Sviss	CHF	500	1 500	7 400
Svíþjóð	SEK	1 800	5 000	25 000
Þýskaland	DEM	650	1 800	9 000

Útflytjanda er heimilt að rita vörureikning í gjaldmiðli hvaða aðildarríkis að fríverslunar- og viðskiptasamningum sem er. Velji hann hins vegar annan gjaldmiðil geta töllyfirvöld í innflutningslandinu aðeins beitt fjárhæð sem gildir fyrir innflutningslandið.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, sbr. 9. gr. auglýsingar nr. 680/1980 svo og auglýsingu nr. 101/1986 um breyting á henni og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur nr. 408/1985 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 9. júní 1986.

F. h. r.

Sigurgeir A. Jónsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.